

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

Ársreikningur samstæðu 2019

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.
Kennitala 660805-1250
Austurbakka 2, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	2 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda	5 - 6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8 - 9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 24

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi

Hlutverk Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Harpa) er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar sem erlendar. Harpa og dótturfélög (samstæðan) annast eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvarinnar Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík, auk tengdrar starfsemi.

Samstæðan og starfsemin á árinu

Á árinu 2019 voru haldnir 1.332 viðburðir í Hörpu samanborið við 1.430 á árinu 2018 og munaði þar mest um nokkuð minni umsvif í tónlistarhátíðum og viðburðum fyrir ferðamenn. Haldnir voru 721 listviðburðir, þ.e. tónleikar, leiksýningar og listsýningar og voru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar af 108 talsins. Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur voru 144 og tvöfölduðust á milli ára. Einnig voru haldnar 411 ráðstefnur, fundir og veislur sem er sambærilegt og árið 2018 en velta þessa viðburðaflokks hefur aldrei verið hærri. Alls voru haldnir 430 viðburðir og sérstakar leiðsagnir fyrir ferðamenn en að auki var boðið upp á rúmlega 800 almennar leiðsagnir um húsið. Um 232 þúsund aðgöngumiðar voru afgreiddir í gegnum miðasölu Hörpu á árinu samanborið við um 292 þúsund árið áður, en auk þess voru fjölmargir aðrir viðburðir í Hörpu án miðasölu. Heildarvelta miðasölu í Hörpu vegna viðburða á árinu nam um 1.294 milljónum króna.

Stjórnendur og starfsfólk héldu áfram vinnu við stefnumótun og aðgerðaáætlun Hörpu til næstu fimm ára. Drög að fyrstu dagskrárstefnu hússins voru unnin í samráði við Listráð Hörpu og settur var aukinn kraftur í sókn á erlenda markaði til að fjölga alþjóðlegum viðburðum. Stórukin áhersla á viðburðahald fyrir börn og fjölskyldur skilaði sér í tvöföldun á milli ára.

Hjá samstæðunni voru 114 starfsmenn á launaskrá á árinu 2019 og er það fjölgun um 3 starfsmenn frá árinu 2018. Stöðugildum fjölgaði um 3 eða úr 44 í um 47 á milli ára, en hafði tímabundið fækkað úr 53 frá árinu 2016. Fastráðnir starfsmenn skiptust í 18 konur og 20 karla og starfsfólk í hlutastarfi í 37 konur og 21 karl.

Fjöldi heimsóknna í Hörpu minnkaði á árinu vegna minnkaðs flugframboðs og samdráttar í ferðaþjónustu og er hann áætlaður tæplega 2 milljónir.

Breyting á reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati

Stjórn samstæðunnar, með samþykki eigenda, ákvað að breyta reikningsskilaaðferðum við gerð ársreiknings samstæðunnar og færa langtímafjáreign í efnahagsreikningi sem byggir á samningi Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar um starfsemi og rekstur Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2013. Í samræmi við ákvæði laga og settra reikningsskilareglna ber að breyta fjárhæðum samanburðarárs þannig að gildisdagur breyttra reikningsskilaaðferða sé þann 1. janúar 2018. Áhrif breytinganna, sem bókfærðar voru á þeim degi, voru 19.886 milljóna króna hækkun langtímafjáreignar, 2.960,7 milljóna króna hækkun tekjuskattsskuldbindingar og 16.925,3 milljóna króna hækkun eigin fjár. Uppfærsla langtímafjáreignar er í samræmi við ákvæði 20. greinar alþjóðlegs reikningsskilastaðals, IAS 20, um opinber framlög. Sjá nánari umfjöllun í skýringum 7, 9 og 12.

Stjórn samstæðunnar, með samþykki eigenda, ákvað jafnframt að breyta reikningshaldslegu mati fasteignarinnar Hörpu. Annars vegar mati á bókfærðu verði úr því að vera í samræmi við endurheimtanlegt verð í að vera bókfærð til eignar í samræmi við tekjuvirði. Hins vegar breyting á reikningshaldslegum líftíma úr 100 árum í 50 ár. Ákvörðun um breytingu reikningshaldslegs mats fasteignarinnar til tekjuvirðis er í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands nr. 477/2015. Virðisrýrnun fasteignarinnar sem af matsbreytingunni leiddi nam 7.130,2 milljónum króna, án áhrifa reiknaðs tekjuskatts, og er færð til gjalda í rekstrarreikningi á árinu 2019 í samræmi við ákvæði laga og settra reikningsskilareglna. Sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 6.

Rekstur samstæðunnar á árinu

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 33,6 milljónir króna árið 2019, samanborið við 42,2 milljónir króna árið 2018. Tekjur af starfsemi samstæðunnar námu 1.209,6 milljónum króna og hækkuðu á milli ára þrátt fyrir færri viðburði. Umbætur í kjarnastarfsemi skila bættari framlegð, tekjur af viðburðahaldi jukust og kostnaður, bæði laun og aðkeypt þjónusta vegna viðburða, jókst hlutfallslega minna. Rekstrarframlag frá eigendum nam 450 milljónum króna og námu rekstrartekjur því alls 1.659,6 milljónum króna. Húsnæðiskostnaður var alls 654,7 milljónir króna og hækkaði um 58,6 milljónir króna á milli ára. Þar af nam hækkun fasteignagjalda 40,5 milljónum króna og námu fasteignagjöld ársins 307,6 milljónum króna. Laun og launatengd gjöld voru 523,7 milljónir króna. Áhrif kjarasamninga og leiðrétting á tímabundinni fækkun stöðugilda síðastliðin ár leiddi til 9,5% hækkunar launakostnaðar milli ára. Aðkeypt þjónusta dróst saman um 34,9 milljónir króna og nam alls 267,4 milljónum króna en annar rekstrarkostnaður nam 180,2 milljónum króna. Rekstrargjöld námu alls 1.626 milljónum króna.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Rekstur samstæðunnar á árinu, framhald

Tap að fjárhæð 5.928,4 milljónir króna varð af heildarstarfsemi samstæðunnar á árinu, samanborið við 197,8 milljóna króna tap árið 2018. Hærra tap má nánast alfarið rekja til virðisrýrnunar fasteignar, samanber umfjöllun hér að framan. Eigið fé samstæðunnar nam 10.751,7 milljónum króna í árslok 2019. Fyrirsjáanlegt er að verði rekstrarforsendum samstæðunnar ekki breytt muni eigið fé rýrna á komandi árum þó svo að EBITDA framlegð verði áfram jákvæð.

Fjárhagleg staða samstæðunnar

Greiðslustaða samstæðunnar hefur verið þung um árabil. Skýringarnar eru meðal annars hár kostnaður vegna rekstrar fasteignarinnar, of lítil framlegð af starfsemi og mun hærri fasteignagjöld en gert hafði verið ráð fyrir en ágreiningur vegna þeirra hefur staðið yfir frá því starfsemi hófst í Hörpu og fór til meðferðar dómstóla þar sem Hæstiréttur dæmdi Hörpu í vil árið 2016. Eftir ítrekaðar áfrýjanir Hörpu í kjölfar nýs fasteignamats Þjóðskrár Íslands stendur nú úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar frá 13. desember 2018. Stjórnendur Hörpu hafa ekki tekið ákvörðun um næstu skref en fyrir liggur að rekstur Hörpu ber ekki svo há gjöld af fasteigninni. Vísað er til nánari umfjöllunar um fasteignamatsmálið í skýringu nr. 3.

Á árinu var haldið áfram gagngerri rekstrarrýningu og innleidd var starfspáttagreining í samstarfi við eigendur samstæðunnar. Fyrir liggur að óbreyttar rekstrarforsendur munu hvorki styðja við sjálfbærni né önnur markmið eigendastefnu Hörpu. Vinna við endurskipulagningu rekstrar og fjármagnsskipunar Hörpu hófst seint á árinu og birtist afraksturinn að hluta til í þessum ársreikningi. Vonir standa til að útfærslu á raunhæfum rekstrargrundvelli ljúki á árinu 2020.

Allt frá árinu 2013 hefur íslenska ríkið og Reykjavíkurborg lagt samstæðunni til rekstrarframlag og það hefur verið forsenda þess að rekstur samstæðunnar gangi. Rekstrarframlag eigenda til samstæðunnar á undanförunum árum byggir á viðauka við samning Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar, um rekstur og starfsemi Hörpu, dagsettum þann 23. maí 2017. Ekki var gerður sérstakur viðauki vegna rekstrarframlags að fjárhæð 450 milljónir króna vegna ársins 2019 þar sem íslenska ríkið hafði samþykkt það í fjárlögum og Reykjavíkurborg í fjárhagsáætlun.

Vísað er til umfjöllunar um sjóðstreymisáætlun ársins 2020 og áætlað handbært fé samstæðunnar í árslok 2020 í skýringu nr. 13 þar sem fjallað er um atburði eftir lok reikningsskiladags.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps. Stjórnin leggur til að tillag í lögbundinn varasjóð verði samþykkt og að arði verði ekki úthlutað.

Eignaraðild

Engin breyting varð á eignarhaldi móðurfélags samstæðunnar á árinu sem er að 54% hluta í eigu íslenska ríkisins og 46% hluta í eigu Reykjavíkurborgar.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Eigendur Hörpu samþykktu samkvæmt fjárlögum íslenska ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar að leggja Hörpu til 450 milljóna króna rekstrarframlag á árinu 2020 sem innt verður af hendi með mánaðarlegum innborgunum. Samþykkt eigenda leiðir til þess að lausafjárstaða samstæðunnar er tryggð til ársloka 2020.

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 og víðtækar afleiðingar hans hafa veruleg áhrif á starfsemi samstæðunnar. Stjórnendur eru að vinna að lágmörkun neikvæðra áhrifa á rekstur samstæðunnar en óvíst er hve áhrifin verða langvinn eða alvarleg. Vísað er til umfjöllunar um áhrif á rekstur og lausafjárstöðu samstæðunnar í skýringu nr. 13.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helstu fjárhagslegu áhættuþættir samstæðunnar eru lausafjár-, útlána- og vaxta- og verðtryggingaráhætta. Umfjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun og áhættuþætti er að finna í skýringu 16.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Stjórnarhættir

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 2015. Stjórn Hörpu hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn móðurfélags samstæðunnar hefur jafnframt skipað endurskoðunarnefnd. Stjórn samstæðunnar ákveður starfskjör forstjóra.

Staðfesting stjórnar og forstjóra

Það er álit stjórnar og forstjóra samstæðunnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samstæðunnar, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík, 19. júní 2020



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
stjórnarformaður



Árni Geir Pálsson
varaformaður



Arna Schram
stjórnarmaður



Aðalheiður Magnúsdóttir
stjórnarmaður



Guðni Tómasson
stjórnarmaður



Svanhildur Konráðsdóttir
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2019, efnahag 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að setja fyrirvara við álit okkar viljum við vísa í skýrslu stjórnar og skýringu nr. 13 þar sem stjórnendur fjalla um atburði eftir lok reikningsskiladags.

Aðrar upplýsingar

Greiðslumiðlunin Hringur ehf., dótturfélag Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., hefur skuldabréf sín skráð í Kauphöll Íslands og gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Tilgangur þess félags er að taka á móti óskilyrtu framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar á tónlistar og ráðstefnuhúsinu Hörpu og greiða afgangir og vexti af skuldabréfaflokknum HARP 46 0217.

Þar sem Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er félag með skráð skuldabréf þá er greint frá lyklatríðum endurskoðunar þess félags í endurskoðunaráritun í ársreikningi þess félags sem birt eru í Kauphöll Íslands. Vísað er til þeirrar áritunar og tekið fram að skuldbindingar Greiðslumiðlunar Hríngs eru að öllu leyti tryggðar með framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til 35 ára.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirliti sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfylfum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík, 19. júní 2020

PricewaterhouseCoopers ehf.


Sighvatur Halldórsson
lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

		Samstæða	
	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Tekjur af starfsemi	2	1.209.593	1.171.863
Rekstrarframlag frá eigendum	2,11	450.000	400.000
		<u>1.659.593</u>	<u>1.571.863</u>
Rekstrargjöld			
Húsnæðiskostnaður	3	654.666	596.018
Laun og launatengd gjöld	3	523.722	478.127
Aðkeypt þjónusta	3	267.380	302.285
Annar rekstrarkostnaður	3	180.212	153.202
		<u>1.625.979</u>	<u>1.529.632</u>
Rekstrarhagnaður (EBITDA)		33.614	42.231
Virðisrýrnun fasteignar	6	7.130.180	0
Afskriftir	5,6	336.151	323.027
		<u>7.466.331</u>	<u>323.027</u>
Rekstartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(7.432.717)	(280.796)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur	4	20.768	33.604
Tap fyrir skatta		(7.411.949)	(247.192)
Reiknaður tekjuskattur	12	1.483.562	49.375
Tap ársins		<u>(5.928.387)</u>	<u>(197.817)</u>
Afkoma skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins	9	(5.934.609)	(198.143)
Hlutdeild minnihluta	9	6.223	326
		<u>(5.928.387)</u>	<u>(197.817)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Hugbúnaður	5	2.686	3.571
Efnislegar eignir			
Fasteignir og lóðir		9.314.450	16.630.180
Innréttingar, áhöld og tæki		2.196.148	2.308.394
	6	<u>11.510.598</u>	<u>18.938.575</u>
Fjáreignir:			
Langtímafjáreign	7	19.708.694	19.659.705
Fastafjármunir samtals		31.221.978	38.601.851
Veltufjármunir			
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar	7	468.690	440.599
Kröfur á tengda aðila	11	569	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8	335.495	336.326
Handbært fé		770.286	611.241
		<u>1.575.041</u>	<u>1.388.166</u>
Eignir samtals		<u>32.797.019</u>	<u>39.990.017</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

		Samstæða	
Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé			
Hlutfé		3.272.326	3.272.326
Lögbundinn varasjóður		818.082	818.082
Bundinn hlutdeildarreikningur		42.285	0
Óráðstafað eigið fé		6.606.344	12.583.239
		<u>10.739.037</u>	<u>16.673.646</u>
Hlutdeild minnihluta		12.651	6.429
	9	<u>10.751.688</u>	<u>16.680.075</u>
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	12	1.427.712	2.911.299
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	10	19.359.074	19.326.227
Langtímaskuldir samtals		20.786.786	22.237.526
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	10	485.027	456.166
Óuppgert vegna viðburða		396.524	283.593
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		349.896	294.821
Skuldir við tengda aðila	11	27.097	37.836
		<u>1.258.544</u>	<u>1.072.416</u>
Skuldir samtals		22.045.330	23.309.942
Eigið fé og skuldir samtals		<u>32.797.019</u>	<u>39.990.017</u>
Fjárhagsleg áhættustjórnun	16		
Aðrar upplýsingar	13,14,15,17		

Sjóðstreymi ársins 2019

		Samstæða	
	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Tap ársins		(5.928.387)	(197.817)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5,6	336.151	323.027
Virðisrýrnun fasteignar	6	7.130.180	0
Verðbótatekjur langtímafjáreignar		(530.885)	(638.798)
Verðbætur langtímalána og dreifing lántökugjalda og yfirverðs		521.085	626.049
Reiknaður tekjuskattur		(1.485.839)	(49.375)
Aðrir liðir		1.946	1.588
		<u>44.251</u>	<u>64.674</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		2.941	(44.031)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>155.156</u>	<u>(62.913)</u>
		<u>158.097</u>	<u>(106.944)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>202.348</u>	<u>(42.269)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna	5	0	(1.198)
Kaupverð efnislegra eigna	6	(37.469)	(22.698)
Afborganir langtímafjáreignar		453.805	424.521
Skammtímakröfur á tengda aðila, breyting	11	(569)	0
		<u>415.767</u>	<u>400.625</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		<u>(459.070)</u>	<u>(429.415)</u>
		<u>(459.070)</u>	<u>(429.415)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		159.045	(71.060)
Handbært fé í byrjun árs		611.241	682.301
Handbært fé í árslok		<u><u>770.286</u></u>	<u><u>611.241</u></u>
Aðrar upplýsingar			
Mótteknir vextir		726.344	719.608
Greiddir vextir		(634.763)	(658.181)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa) og dótturfélög (samstæðan) starfa á sviði fasteignastjórnunar og rekstrar. Hlutverk Hörpu er að sjá um eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Reykjavíkurhöfn. Upplýsingar um dótturfélögin eru í skýringu nr. 15.

Harpa, móðurfélag samstæðunnar, er í eigu íslenska ríkisins að 54% hluta og Reykjavíkurborgar að 46% hluta. Aðsetur félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

2. Rekstrartekjur

	2019	2018
Tekjur af starfsemi samstæðu Hörpu		
Leigutekjur	182.662	179.380
Viðburðir og ráðstefnur	765.311	757.100
Rekstrarleyfissamningar	247.055	216.500
Aðrar tekjur	14.565	18.883
	<u>1.209.593</u>	<u>1.171.863</u>

Rekstrarframlag frá eigendum

Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg veittu samstæðunni rekstrarframlag að fjárhæð 450 milljónir króna á árinu 2019 í samræmi við fjárlög íslenska ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Rekstrarframlagið byggir á viðauka við samning Hörpu og eigenda um rekstur starfsemi Hörpu, dagsettur þann 23. maí 2017. Rekstrarframlag eigenda eru meðal annars vegna aukins kostnaðar í tengslum við rekstur fasteignarinnar, þar með talin fasteignagjöld.

Rekstrarframlag frá eigendum	450.000	400.000
------------------------------------	---------	---------

Vísað er til skýrslu stjórnar og forstjóra varðandi rekstrarframlag eigenda á árinu 2020.

3. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld samstæðunnar greinast þannig:

	2019	2018
Húsnæðiskostnaður		
Fasteignagjöld	307.637	267.180
Annar húsnæðiskostnaður	347.029	328.837
	<u>654.666</u>	<u>596.018</u>

Ágreiningur hefur verið milli Hörpu og Þjóðskrár Íslands um fasteignamat Hörpu frá því Harpa hóf starfsemi. Harpa óskaði eftir endurmati fasteignarinnar, sem var hafnað, Harpa kærði þá niðurstöðu til Yfirfasteignamatsnefndar, kærði úrskurð Yfirfasteignamatsnefndar til Héraðsdóms Reykjavíkur og áfrýjaði til Hæstaréttar Íslands. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í dómi nr. 477/2015, sem kveðinn var upp þann 25. febrúar 2016, að Þjóðskrá Íslands bæri að ákvarða fasteignamat Hörpu í samræmi við tekjuaðferð og vísaði málinu til Þjóðskrár Íslands til endurákvörðunar.

Þjóðskrá Íslands birti nýtt fasteignamat þann 28. október 2016 og staðfesti Þjóðskrá Íslands matið með sérstakri ákvörðun þann 30. desember 2016. Hið nýja ákvarðaða fasteignamat byggir á að fasteigninni er skipt upp í tiltekna rýmisflokka í samræmi við notkun hennar og samhliða því stofnaði Þjóðskrá Íslands nýjan rýmisflokk tónlistar- og ráðstefnuhúsa.

Harpa kærði niðurstöðu Þjóðskrár Íslands til Yfirfasteignamatsnefndar þann 18. janúar 2017 sem kvað upp úrskurð, þann 31. ágúst 2017, þar sem ákvörðun Þjóðskrár Íslands frá 30. desember 2016 var felld úr gildi og lagði fyrir Þjóðskrár Íslands að taka málið til meðferðar að nýju. Þjóðskrá Íslands birti nýja ákvörðun um frummat fasteignamats fyrir Hörpu þann 12. október 2017 sem Harpa óskaði eftir endurmati á þann 10. nóvember 2017.

Þjóðskrá Íslands hafnaði beiðni Hörpu um endurmat, þann 26. febrúar 2018. Harpa kærði niðurstöðu Þjóðskrár Íslands til Yfirfasteignamatsnefndar. Úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar, dagsettur þann 13. desember 2018, var að aðferðir Þjóðskrár Íslands endurspegluðu gangverð fasteignarinnar. Stjórnendur Hörpu hafa ekki tekið ákvörðun um hvort þessum nýjasta úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar verði vísað til dómstóla.

Skýringar

3. Rekstrargjöld, framhald

Húsnæðiskostnaður, framhald

Ákvörðun Þjóðskrár Íslands um fasteignamat Hörpu er hærra en stjórnendur Hörpu höfðu gert ráð fyrir, hærra en upphafleg áætlun um rekstur fasteignarinnar og hærra en ætla má sé litið til dóms Hæstaréttar og þeirra forsendna sem þar eru tilgreindar, þ.m.t. tekjuaðferð.

Þrátt fyrir að stjórnendur Hörpu telji gildandi fasteignamat Þjóðskrár Íslands vera rangt þá eru fasteignagjöld í rekstrarreikningi 2019 og 2018 færð í samræmi við ákvarðað fasteignamat Þjóðskrár Íslands að teknu tilliti til breytingar í samræmi við úrskurð Yfirfasteignamatsnefndar, dagsettum þann 31. ágúst 2017, sem fólst í tímabundinni lækkun á stuðli úr 1,3 í 1,0 fyrir tiltekin undirbúningssvæði fasteignarinnar.

	2019	2018
Laun og launatengd gjöld		
Laun	423.831	396.522
Launatengd gjöld	99.891	81.605
	<u>523.722</u>	<u>478.127</u>

Hjá samstæðunni voru 114 á launaskrá á árinu 2019 í um 47 stöðugildum, samanborið við 111 á launaskrá á árinu 2018 í um 44 stöðugildum.

Laun, þóknir og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu 32,2 milljónum króna 2019 samanborið við 31,2 milljónir króna árið 2018. Þar af voru laun og launatengd gjöld forstjóra 21,8 milljónir króna á árinu 2019 samanborið við 21,9 milljónir króna á árinu 2018.

Samstæðan hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

	2019	2018
Aðkeypt þjónusta		
Aðkeypt þjónusta vegna listviðburða og ráðstefna	232.945	247.460
Önnur aðkeypt þjónusta	34.435	54.824
	<u>267.380</u>	<u>302.285</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Kostnaður tengdur miðakerfi	31.603	32.635
Markaðskostnaður	47.737	34.213
Veittir styrkir	5.000	5.000
Annar rekstrarkostnaður	95.871	81.354
	<u>180.212</u>	<u>153.202</u>

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2019	2018
Vaxta- og verðbótatekjur		
Langtímaffjäreign	1.246.529	1.347.717
Bankareikningar	10.235	9.960
Aðrir liðir	10.404	7.964
	<u>1.267.167</u>	<u>1.365.641</u>
Vaxtagjöld og verðbætur		
Langtímaskuldir	(1.246.368)	(1.332.505)
Aðrir liðir	(222)	(431)
	<u>(1.246.590)</u>	<u>(1.332.935)</u>
Gengismunur		
Aðrir liðir	191	899
	<u>191</u>	<u>899</u>
Hreinar fjármunatekjur	<u>20.768</u>	<u>33.604</u>

Skýringar

5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem samanstanda af hugbúnaði greinast þannig:	31.12.2019	31.12.2018
Bókfært verð í ársbyrjun	3.571	3.421
Viðbót ársins	0	1.198
Niðurfærsla ársins	(885)	(1.048)
Bókfært verð í árslok	2.686	3.571
Bókfært verð í árslok greinist þannig:		
Kostnaðarverð	26.690	27.905
Niðurfært samtals	(24.004)	(24.334)
Bókfært verð í árslok	2.686	3.571

6. Efnislegar eignir

	Fasteignir og lóðir	Innréttingar, áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2018:			
Bókfært verð í ársbyrjun	16.792.618	2.445.238	19.237.855
Viðbót ársins	0	22.698	22.698
Afskriftir	(162.438)	(159.541)	(321.979)
Bókfært verð í árslok	16.630.180	2.308.394	18.938.575
Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	17.907.748	3.589.274	21.497.023
Afskrifað samtals	(1.277.568)	(1.280.880)	(2.558.448)
Bókfært verð í árslok	16.630.180	2.308.394	18.938.575
Árslok 2019:			
Bókfært verð í ársbyrjun	16.630.180	2.308.394	18.938.575
Viðbót ársins	0	37.469	37.469
Virðisrýrnun fasteignar	(7.130.180)	0	(7.130.180)
Afskriftir	(185.550)	(149.715)	(335.265)
Bókfært verð í árslok	9.314.450	2.196.148	11.510.598
Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	10.777.568	3.626.901	14.404.469
Afskriftir og virðisrýrnun samtals	(1.463.118)	(1.430.753)	(2.893.871)
Bókfært verð í árslok	9.314.450	2.196.148	11.510.598
Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi samstæðunnar greinast þannig:		2019	2018
Afskrift efnislegra eigna		335.265	321.979
Niðurfærsla óefnislegra eigna (skýring 5)		885	1.048
		336.151	323.027

Breyting á reikningshaldslegu mati og líftíma fasteignar

Á árinu 2019 var reikningshaldslegu mati fasteignarinnar breytt, úr því að vera bókfærð til eignar í samræmi við kostnaðarverð að fráðregnum afskriftum, sjá umfjöllun í skýringu nr. 17.10, í að vera bókfærð til eignar í samræmi við tekjuvirði. Við útreikning á tekjuvirði er tekið mið af forsendum dóms Hæstaréttar Íslands nr. 477/2015. Virðisrýrnun fasteignarinnar sem af matsbreytingunni leiddi nam 7.130,2 milljónum króna og er færð til gjalda í rekstrarreikningi á matsbreytingarári í samræmi við ákvæði laga og settra reikningsskilareglna. Matsverð fasteignarinnar byggir á eftirfarandi útreikningum:

Annars vegar á útreikningi á tekjuvirði (gangvirði) þeirra áætluðu tekna sem áætlað er að fasteignin muni skila, án allra opinberra framlaga, að viðbættum áætluðum reiknuðum tekjum vegna ósjálfbærs menningarhlutverks hússins og að fráðregnum kostnaði við eignarhald, viðhald og rekstur fasteignarinnar. Reiknað er með hóflegum vexti og ávöxtunarkröfu sem er í samræmi við markaðsaðstæður. Matsfjárhæð fasteignarinnar samkvæmt þessum útreikningum er um 8 milljarðar króna.

Skýringar

6. Efnislegar eignir, framhald

Breyting á reikningshaldslegu mati og líftíma fasteignar, framhald

Hins vegar byggir útreikningur á verðmati dómkvaddra matsmanna í málaferlum vegna fasteignamats í máli Hörpu gegn Þjóðskrá Íslands, sem fjallað er um í skýringu nr. 3, sem var uppreiknað með vísitölu neysluverðs til matsbreytingarárs. Matsfjárhæð fasteignarinnar samkvæmt þessum útreikningi er um 11 milljarðar króna.

Það er mat stjórnenda Hörpu að eðlilegt sé að miða verðmat fasteignarinnar við miðgildi ofangreindra útreikninga, þ.e. tekjuvirðis sem er í samræmi við framangreindan dóm Hæstaréttar og niðurstöðu dómkvaddra matsmanna í máli Hörpu gegn Þjóðskrá Íslands. Miðgildi framangreindra matsaðferða er 9,5 milljarðar króna.

Stjórn samstæðunnar, með samþykki eigenda, samþykkti að breyta reikningshaldslegu mati á líftíma fasteignarinnar, úr því að vera 100 ár í að vera 50 ár. Við ákvörðun matsbreytingarinnar var meðal annars stuðst við sérfræðiálit þar til bærri fagaðila auk viðmiðunar við mat líftíma eigna í eigu hins opinbera. Hækkun afskrifta fasteignarinnar á árinu 2019 nam 92,8 milljónum króna vegna þess.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignir samstæðunnar í árslok 2019 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Austurbakki 2 (Harpa)	14.944.550	2.442.400	36.236.176	9.314.450

Fjárhæðir fasteignamats miðast við nýja ákvörðun Þjóðskrár Íslands, sjá umfjöllun í skýringu nr. 3.

Fasteign samstæðunnar er tryggð húseigendatryggingu fyrir 4.321 milljónir króna og lausafé og búnaður eru váttryggðir fyrir 1.145 milljónir króna.

Veðsetningar

Þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum hvíla á fasteign samstæðunnar sem voru að uppgreiðsluvirði um 19,8 milljarðar króna í árslok 2019. Til tryggingar skilvísun og skaðlausum greiðslum eru þinglýst tryggingarbréf með veði í fasteigninni, tónlistarhús 01-0101. Nafnverð tryggingarbréfa nemur 18 milljörðum króna. Tryggingarbréf eru bundin vísitölu neysluverðs og nemur framreiknað verð 25,2 milljörðum króna í árslok 2019. Auk þess eru mánaðarleg framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sett að veði til tryggingar á skuldum.

7. Langtímafjáreign

Langtímafjáreign samstæðunnar í efnahagsreikningi byggir á samningi Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar um starfsemi og rekstur Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2013. Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda eigendur Hörpu, íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%), að greiða fast mánaðarlegt framlag til Hörpu, vegna fjármögnunar fasteignar og búnaðar, í 35 ár frá 15. mars 2011 að telja. Samningsbundið framlag er verðtryggt í samræmi við vísitölu neysluverðs með grunnvísitöluna 237,4.

Samstæðan færir samningsbundið framlag samkvæmt samningi upp sem langtímafjáreign í efnahagsreikningi, til mótvægis við langtímaskuld vegna byggingar Hörpu, en framlagið er nátengt þeirri skuld, sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 10. Langtímafjáreignin er framlagið fært til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru vextir af langtímaláninu. Sjá nánar um árlegar greiðslur samningsbundna framlagsins í skýringu nr. 16.3.

Langtímafjáreign kemur þannig fram í efnahagsreikningi:	31.12.2019	31.12.2018
Langtímafjáreign, meðal fastafjármuna	19.708.694	19.659.705
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar, meðal veltufjármuna	468.690	440.599
	<u>20.177.384</u>	<u>20.100.304</u>

Afborganir af langtímafjáreign samstæðunnar í árslok 2019 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	468.690
Árið 2021	493.100
Árið 2022	510.892
Árið 2023	529.327
Árið 2024	548.427
Árið 2025 og síðar	<u>17.626.947</u>
	<u>20.177.384</u>

Skýringar

7. Langtímafjáreign, framhald

Veðsetningar

Þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum hvíla á langtímafjáreign samstæðunnar sem voru að uppgreiðsluvirði um 19,8 milljarðar króna í árslok 2019. Mánaðarlegt framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar greiðist inn á veðsettan bankareikning dótturfélags Hörpu, Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., og verða ávallt fyrst nýttar til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki dótturfélagsins, Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., HARP 46 0217, sem skráður er í Kauphöll Íslands.

8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur greinist þannig hjá samstæðunni:	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur	241.689	273.407
Kröfur vegna miðasölu	128.052	97.464
Niðurfærsla krafna	(45.984)	(45.181)
Viðskiptakröfur, nettó	323.757	325.690
Aðrar kröfur	11.738	10.636
	<u>335.495</u>	<u>336.326</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur eru færðar niður til að mæta áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímafröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla krafna frá fyrra ári	(45.181)	(63.107)
Breyting á niðurfærslu ársins færð í rekstrarreikning	(803)	9.182
Tapaðar kröfur á árinu	0	8.744
Staða í lok árs	<u>(45.984)</u>	<u>(45.181)</u>

9. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé samstæðunnar nam í árslok kr. 3.272.326.000 og er það óbreytt á milli ára. Fjöldi hluta er 3.272.326.000, hver að virði 1 króna.

Lögbundinn varasjóður

Fært hefur verið tillag í lögbundinn varasjóð sem nemur 25% af útgefnu hlutfé, í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Þegar hlutdeildaraðferð er beitt skal taka tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé dóttur- eða hlutdeildarfélagssins og færa á bundinn hlutdeildarreikning meðal eiginfjárliða. Sé hlutdeild félagsins í dóttur- eða hlutdeildarfélagum seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2019	31.12.2018
Hlutfé		
Staða í ársbyrjun	3.272.326	3.272.326
Staða í árslok	<u>3.272.326</u>	<u>3.272.326</u>
Lögbundinn varasjóður		
Staða í ársbyrjun	818.082	0
Tillag í lögbundinn varasjóð, fært í upphafi árs 2018	0	818.082
Leiðrétt staða í ársbyrjun	<u>818.082</u>	<u>818.082</u>
Staða í árslok	<u>818.082</u>	<u>818.082</u>

Skýringar

9. Eigið fé, framhald

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum, framhald

	31.12.2019	31.12.2018
Bundinn hlutdeildarreikningur		
Staða í ársbyrjun	0	0
Binding vegna hlutdeildar í dótturfélögum	42.285	0
Staða í árslok	42.285	0
Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap)		
Staða í ársbyrjun	12.583.239	(3.325.888)
Uppfærsla langtímafjáreignar, sjá skýringu nr. 7	0	19.886.027
Tekjuskattsáhrif uppfærslu langtímafjáreignar, sjá skýringu nr. 12	0	(2.960.676)
Tillag í lögbundinn varasjóð	0	(818.082)
Leiðrétt staða í ársbyrjun	12.583.239	12.781.382
Tap ársins	(5.934.609)	(198.143)
Binding vegna hlutdeildar í dótturfélögum	(42.285)	0
Staða í árslok	6.606.344	12.583.239
Eigið fé fyrir hlutdeild minnihluta	10.739.037	16.673.646
Hlutdeild minnihluta		
Staða í ársbyrjun	6.429	6.102
Hagnaður ársins	6.223	326
Staða í árslok	12.651	6.429
Eigið fé samtals	10.751.688	16.680.075

10. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir samstæðunnar greinist þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldabréfaútgáfa		
Skuldabréfaflokkur, HARP 46 0217, vextir 3,55%	19.901.799	19.833.342
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns	(130.148)	(137.062)
	19.771.651	19.696.280
Aðrar langtímaskuldir		
Skuldabréf, breytilegir vextir 3,8%	72.451	86.112
Langtímaskuldir samtals	19.844.102	19.782.392

Skuldabréfaflokkur er verðtryggður með vísitölu neysluverðs, með grunnvísitöluna 409,9 og langtímaskuldir við aðra aðila eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs, með grunnvísitöluna 423,2.

Langtímaskuldir samstæðunnar eru allar í íslenskum krónum.

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í árslok 2019 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	485.027
Árið 2021	501.865
Árið 2022	519.310
Árið 2023	537.384
Árið 2024	537.998
Síðar	17.262.518
	19.844.102

Langtímaskuldir að fjárhæð 19.844,1 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2020, færðar meðal skammtímaskulda	485.027
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	19.359.074
	19.844.102

Skýringar

10. Langtímaskuldir, framhald

Skuldabréfaútgáfa

Skuldabréfaútgáfa, upphaflega að fjárhæð 19.500 milljónir króna, er skuldabréfaflokkur sem skráður er í Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auðkenninu HARP 46 0217. Verðbréfaútgáfan er hjá Greiðslumiðluninni Hring ehf., dótturfélagi Hörpu. Harpa er móttakandi framlags frá Íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sem gengur beint til greiðslu skuldabréfaútgáfunnar. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna er þau verðtryggð með vísitölu neysluverðs og föstum 3,55% vöxtum. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

Skuldabréfin greiðast með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lántímann. Fyrsti gjalddagi var í maí 2013 og síðasti gjalddagi verður þann 15. febrúar 2046. Áætluð heildargreiðsla lánsins með vöxtum og verðbótum er 1.161 milljón króna á árinu 2020.

Skuldabréfin eru tryggð með veði í framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar tiltekins bankareiknings samstæðunnar.

Íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%) hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hríngs og er nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki samstæðunnar.

Aðrar langtímaskuldir

Skuldabréf í íslenskum krónum, verðtryggt með vísitölu neysluverðs, var tekið í desember 2014, til 9 ára. Það er tryggt með veði í leigugreiðslum og handveði í innstæðu bankareiknings. Vextir eru breytilegir.

11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hluthafar félagsins, stjórn samstæðunnar, forstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Þessi skilgreining er byggð á ákvæðum í settum reikningsskilareglum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2019	2018
Rekstrarframlag frá eigendum		
Rekstrarframlag frá íslenska ríkinu	243.000	216.000
Rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg	207.000	184.000
	<u>450.000</u>	<u>400.000</u>
Rekstrargjöld til tengdra aðila		
Fasteignagjöld til Reykjavíkurborgar	307.637	267.180
Fjármunatekjur frá tengdum aðilum		
Vaxta- og verðbótatekjur frá íslenska ríkinu	673.125	727.767
Vaxta- og verðbótatekjur frá Reykjavíkurborg	573.403	619.950
	<u>1.246.529</u>	<u>1.347.717</u>
	31.12.2019	31.12.2018
Langtímafjáreign á tengda aðila		
Langtímafjáreign á íslenska ríkið	10.642.695	10.616.241
Langtímafjáreign á Reykjavíkurborg	9.065.999	9.043.464
	<u>19.708.694</u>	<u>19.659.705</u>
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á tengda aðila		
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á íslenska ríkið	253.093	237.923
Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á Reykjavíkurborg	215.598	202.675
	<u>468.690</u>	<u>440.599</u>
Skammtíma kröfur á tengda aðila		
Skammtíma kröfur á Bílastæðasjóð Reykjavíkurborgar	569	0

Skýringar

11. Viðskipti við tengda aðila, framhald

	31.12.2019	31.12.2018
Skammtímaskuldir við tengda aðila		
Skammtímaskuldir við Reykjavíkurborg	27.097	27.097
Skammtímaskuldir við Bílastæðasjóð Reykjavíkurborgar	0	10.739
	<u>27.097</u>	<u>37.836</u>

Upplýsingar um launagreiðslur til stjórnenda samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 3.

12. Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign)

Breyting tekjuskattsskuldbindingar (tekjuskattseignar) greinast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	2.911.299	0
Tekjuskattsáhrif uppfærslu langtímafjáreignar, færð 01.01.2018	0	3.977.205
Tekjuskattsáhrif ófærðrar tekjuskattseignar frá fyrri árum, færð 01.01.2018	0	(1.016.480)
Leiðrétt tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	<u>2.911.299</u>	<u>2.960.725</u>
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	(1.483.562)	(49.375)
Samsköttunaráhrif innan samstæðu	(25)	(51)
Tekjuskattur til greiðslu 2020 vegna 2019 / 2019 vegna 2018	0	0
	<u>1.427.712</u>	<u>2.911.299</u>

Tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	31.12.2019	31.12.2018
Óefnislegar eignir	(570)	(675)
Efnislegar eignir	(2.294.428)	(885.695)
Fjáreignir	4.035.477	4.020.061
Viðskiptakröfur	(9.197)	(9.036)
Gengismunur	38	153
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(1.551.601)	(1.461.501)
Niðurfærsla yfirfæranlegs skattalegs taps, vegna óvissu um nýtingu	<u>1.247.993</u>	<u>1.247.993</u>
	<u>1.427.712</u>	<u>2.911.299</u>

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding vegna uppfærslu langtímafjáreignar þann 1. janúar 2018, samanber breytingu á reikningsskilaaðferðum í skýringu nr. 17.4, nam 3.977,2 milljónum króna. Samhliða því var áður ófærð tekjuskattseign, að langmestu leyti vegna efnislegra eigna og yfirfæranlegs skattalegs taps, að fjárhæð 1.016,5 milljónir króna færð í reikningsskil samstæðunnar. Samtals var því tekjuskattsskuldbinding að fjárhæð 2.960,7 milljónir króna færð þann 1. janúar 2018 til skuldar í efnahagsreikningi samstæðunnar.

Samstæðan greiðir engan tekjuskatt vegna reksturs ársins 2019. Yfirfæranlegt tap samstæðunnar nam í árslok 7.758 milljónum króna og er nýtanlegt á árunum 2020 til 2029.

Félög innan samstæðunnar eru samsköttuð.

Tekjuskattseign samstæðunnar er niðurfærð að hluta vegna óvissu um nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps.

Félög innan samstæðunnar greiða engan tekjuskatt vegna reksturs ársins 2019 vegna samsköttunaráhrifa og yfirfæranlegs skattalegs taps sem greinist þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Tap ársins 2009, nýtanlegt til ársloka 2019	85.827	85.827
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022	4.427.816	4.427.816
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023	221.351	221.351
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	787.300	798.685
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	706.286	706.286
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	418.309	418.309
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	22.870	22.870
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	626.362	626.362
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	461.886	0
	<u>7.758.007</u>	<u>7.307.506</u>

Skýringar

13. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Frá lokum febrúar 2020 hafa áhrif COVID-19 heimsfaraldurs komið fram sem varð til þess að þann 16. mars 2020 settu stjórnvöld samkomubann á Íslandi, sem gildi fyrir allar samkomur þar sem fleiri en eitt hundrað manns koma saman. Samkomubannið var hert enn frekar þann 23. mars 2020 og gildir nú fyrir samkomur þar sem fleiri en tuttugu manns koma saman. Sama dag var Hörpu lokað fyrir almenningi sem kann að hafa veruleg neikvæð áhrif á tekjur samstæðunnar, enda starfsemi samstæðunnar fólgin í útleigu sala og búnaðar fyrir viðburða- og ráðstefnuhald. Við þessar aðgerðir stjórnvalda lögðust flugsamgöngur til og frá landinu nánast af og fjölmörg ríki lokuðu landamærum sínum. Vegna jákvæðrar þróunar við að hefta útbreiðslu veirunnar breyttu stjórnvöld samkomubanninu þann 25. maí 2020, þannig að það gildir nú fyrir samkomu þar sem fleiri en tvö hundruð manns koma saman. Stjórnvöld hafa boðað frekari tilslakanir á samkomubanni og hafa hafið undirbúning að opnun landamæra í samstarfi við önnur lönd í Evrópu. Stjórnvöld hafa kynnt og lögfest margþættar aðgerðir til þess að mæta rekstrarerfiðleikum fyrirtækja á Íslandi sem ættu að geta mildað þau neikvæðu áhrif sem blasa við vegna samkomubannsins.

Sjóðstreymisáætlun ársins 2020 er gerð á samstæðugrunni fyrir móðurfélagið Hörpu og dótturfélög, sem byggir á rekstrar- og fjárfestingaráætlun allra félaga innan samstæðu Hörpu árið 2020. Samkvæmt sjóðstreymisáætluninni er áætlað að handbært fé samstæðunnar til ráðstöfunar í árslok 2020 verði að fjárhæð 190,9 milljónir króna. Lækki tekjur samstæðunnar um 1% þá hefur það neikvæð sjóðstreymisáhrif að fjárhæð 12,3 milljónir króna á árinu 2020. Ef tekjur ársins 2020 lækka um 15,5% en allir aðrir liðir, þar með talin rekstrargjöld, haldast óbreyttir þá verður áætlað handbært fé til ráðstöfunar í árslok 2020 að fjárhæð kr. 0. Þetta mat tekur hvorki tillit til fyrirhugaðra aðgerða stjórnenda til að draga úr kostnaði né úrræða opinberra aðila sem munu styðja þær aðgerðir.

Stjórnendur samstæðunnar hafa þegar farið í aðgerðir til að bregðast við áhrifum COVID-19 sem felast í því að draga saman rekstrarkostnað eins og hægt er og leggja allt kapp á að halda tekjum með því færa þá viðburði sem ekki hefur verið hægt að halda á vormánuðum yfir á haustið 2020. Umtalsverður árangur hefur náðst í endurbókun viðburða þótt óvissa sé enn mikil um hve langvarandi eða djúpstæð áhrif COVID-19 verða á innlent og alþjóðlegt viðburðahald. Breytilegur kostnaður vegna viðburðahalds í Hörpu mun lækka verulega og fylgja minnkandi tekjum og þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að lækka fastan launakostnað samstæðunnar með breyttu starfshlutfalli, frestun á ráðningum í störf sem losna, orlofstöku o.s.frv. Viðhaldi, sem ekki er bráðnauðsynlegt, verður frestað og sömuleiðis brugðist við til að lækka annan rekstrarkostnað eins og framast er unnt. Húsinu var lokað fyrir almenningi frá 23. mars og mun sú aðgerð draga úr kostnaði á móti því tekjutapi sem verður vegna rekstrarstöðvunar þjónustuaðila. Harpa var opnuð fyrir almenningi þann 7. maí 2020 en með þeim takmörkunum sem þá giltu í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda. Samstæðan mun jafnframt nýta öll þau úrræði sem stjórnvöld bjóða upp á fyrir atvinnulífið í tengslum við þessar ófyrirséðu aðstæður.

Í ljósi þess sem fram kemur hér að framan og fyrirliggjandi forsendur þá er það mat stjórnenda samstæðunnar að þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í, aðgerðir stjórnvalda, framlög frá eigendum og handbært fé á bankareikningum samstæðunnar dugi til að samstæðan geti staðið undir skuldbindingum sínum á komandi misserum. Það er því mat stjórnenda að samstæðan sé rekstrarhæf og er samstæðuársreikningurinn lagður fram á þeim grundvelli. Vegna atburða eftir lok reikningsskiladags og ef fyrirætlanir stjórnenda ganga ekki eftir kann að ríkja vafi um að samstæðan geti staðið við skuldbindingar sínar á komandi misserum.

14. Aðrar upplýsingar

Innskattskvöð

Vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss og bílastæðahúss hvílir á samstæðunni innskattskvöð sem nam um 3.998 milljónum króna í lok ársins. Fyrningatími innskattskvaðarinnar er 20 ár. Innskattskvöðin er háð óvissu sem felst í að útskattur á fyrningartíma nemi hærri fjárhæð en sem nemur framangreindri fjárhæð innskattskvaðar.

Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 935,9 milljónum króna.

Skipulagsgjald

Skipulagsgjald fyrir fasteignina hefur ekki verið endanlega ákvarðað þar sem endanlegri úttekt á fasteigninni er ekki lokið. Ástæða þess er sú óvissa og málarekstur sem hafa verið um fasteignamat Hörpu. Gert er ráð fyrir að lokaúttekt fari fram á árinu 2020. Fjárhæð skipulagsgjaldsins er óviss en líklegt er að ógreidd fjárhæð gæti numið allt að 100 milljónum króna.

Skýringar

15. Dótturfélög og samstæðureikningsskil

Í lok ársins eru dótturfélög sem innifalin eru í samstæðureikningsskilunum þessi:

Nafn	Starfsemi og eignarhlutur	Afkoma 2019	Eigið fé 31.12.2019
Greiðslumiðlunin Hringur ehf.	Lántaka vegna byggingar 100%	(188)	1.188
Rekstrarfélagið Stæði slhf.	Rekstur bílastæðahúss 77,1%	27.127	55.150
Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf.	Skipulagning viðburða 100%	8.989	42.118

Lögheimili allra ofangreindra dótturfélaga er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

16. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn samstæðunnar ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu hennar. Stjórnin hefur falið forstjóra umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

16.1 Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið samstæðunnar við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að samstæðan skili arðsemi til hluthafa.

Fjármögnun samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	31.12.2019	31.12.2018
Lántökur í lok árs	19.844.102	19.782.392
Frádregið: handbært fé	(770.286)	(611.241)
Lántökur nettó	19.073.816	19.171.151
Eigið fé	10.751.688	16.680.075
Fjármögnun samtals	29.825.504	35.851.226

16.2 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar.

Samstæðan metur tapsáhættu af kröfum og færir niðurfærslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna samstæðunnar.

16.3 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar samstæðunnar felast fyrst og fremst í skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013, en samningar samstæðunnar ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Fjárhæðir í töflunni vegna greiðslustreymis eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg.

	Bókfært verð	Greitt innan 12 mánaða	Greitt seinna en eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2019				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa)	19.771.651	1.161.046	29.219.654	30.380.699
Langtímaskuldir við fjármálastofnanir	72.451	20.866	58.468	79.334
Skuldir við tengda aðila	27.097	27.097	0	27.097
Aðrar skammtímaskuldir	746.420	746.420	0	746.420
	20.617.619	1.955.429	29.278.122	31.233.550

Skýringar

16. Fjárhagsleg áhættustjórnun, framhald

16.3 Lausafjáráhætta, framhald

	Bókfært verð	Greitt innan 12 mánaða	Greitt seinna en eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2018				
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa)	19.696.280	1.130.841	29.590.339	30.721.180
Langtímaskuldir við fjármálastofnanir	86.112	21.700	77.845	99.546
Skuldir við tengda aðila	37.836	37.836	0	37.836
Aðrar skammtímaskuldir	578.414	578.414	0	578.414
	<u>20.398.643</u>	<u>1.768.791</u>	<u>29.668.184</u>	<u>31.436.975</u>

Eftirfarandi er greining á afborgunum íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til samstæðunnar vegna langtímafjáreignar. Afborganirnar samanstanda af afborgunum verðbættis höfuðstóls og vaxta. Fjárhæðir eru ónúvirtar miðað við verðlag í árslok 2019.

	Innborganir ársins	Innborgað innan 12 mánaða	Innborgað eftir 12 mánuði	Samtals
Staða 31. desember 2019				
Framlag eigenda	1.169.448	1.184.987	29.822.182	31.007.169
Staða 31. desember 2018				
Framlag eigenda	1.133.441	1.154.160	30.200.511	31.354.670

Framlag eigenda í töflunni hér að framan er í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu milli Hörpu annars vegar og eigendanna, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, hins vegar.

16.4 Vaxtaáhætta

Samstæðan býr við vaxtaáhættu af lántöku með breytilegum vöxtum. Fjárhæð lánsins var 72,5 milljónir króna í árslok 2019 og vextir þá 3,8%. Ef vaxtakjör lánsins breytast um 1% stig til hækkunar eða lækkunar, þá hækka eða lækka vaxtgjöld um 0,7 milljónir króna á ári.

Verðbréfaútgáfa dótturfélagsins er á föstum vöxtum þannig að hún og samstæðan býr ekki við vaxtaáhættu af henni. Með breytingu á reikningsskilaaðferðum þar sem samningur Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar var færður sem langtímafjáreign þá býr samstæðan hvorki við vaxta- né verðtryggingaráhættu þar sem bæði langtímafjáreignin og verðbréfaútgáfan eru vísitölutengdar og bera sömu 3,55% fasta vexti.

16.5 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta samstæðunnar er óveruleg og tengist einkum viðskiptum við erlenda viðburðahaldara og listamenn.

17. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

17.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram þúsundum íslenskra króna. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

17.2 Fjárhagsleg staða og rekstrarhæfi samstæðunnar

Umfjöllun um fjárhagslega stöðu samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 13 en þar kemur fram að samstæðan sé rekstrarhæf. Ársreikningurinn er lagður fram á þeim grundvelli.

Skýringar

17. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

17.3 Samstæðureikningur

Félög sem innifalín eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hefur á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra félaga í samstæðunni en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og önnuleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Í móðurfélagsreikningi eru færð afkomuáhrif dótturfélaga miðað við hlutdeild móðurfélags í eigin fé viðkomandi dótturfélaga. Hlutdeild í tapi dótturfélaga er færð á móti eignarhlut í viðkomandi dótturfélagi að því marki að bókfært verð eignarhlutar verði ekki neikvætt. Ef hlutdeild í tapi er hærri þá færist það á móti kröfu móðurfélagsins á dótturfélagið að því marki sem krafan dugar á móti gjaldfærslunni. Hlutdeild í tapi umfram það er ekki færð nema talið sé að móðurfélagið þurfi að bera skuldbindingar dótturfélagsins.

17.4 Breyting á reikningsskilaaðferðum

Samstæðan telur rétt að færa til eignar, sem langtímafjáreign, samningsbundið framlag frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg vegna afborgana og vaxta af fjármögnun fasteignar og búnaðar í samræmi við samning Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar um starfsemi og rekstur Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2013. Stjórnendur telja þá framsetningu gefi glögga mynd af eignum og skuldum samstæðunnar og af tekjum og gjöldum af fjáreignum og fjárskuldum hennar, þar sem framlagið er nátengt þeirri langtímaskuld sem var tekin til byggingar á Hörpu.

Samningbundna framlagið er færð sem langtímafjáreign meðal eigna, að frádregnum næsta árs afborgunum sem færðar eru meðal skammtímakrafna, og vaxtatekjur af fjáreigninni eru færðar meðal fjármagnsliða. Fjáreignin er sjóðsstreymi framlags íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar á 35 ára samningstíma, frá árinu 2011 til 2046, afvaxtað með 3,55% vöxtum, sem eru vextir af því langtímaláni sem framlögin fara til greiðslu á.

Samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2018 hefur verið breytt í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

17.5 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur, samanber umfjöllun í skýringu 17.4.

17.6 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda annars vegar af tekjum af starfsemi Hörpu og hins vegar af rekstrarframlögum frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg.

Tekjur af starfsemi Hörpu samanstanda af seldri þjónustu, útleigu aðstöðu og umboðslaunum vegna viðburða á borð við tónleika og ráðstefnur. Tekjur af veittri þjónustu vegna starfsemi í Hörpu eru færðar þegar unnið er til þeirra. Tekjur vegna rekstrarframlaga frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg eru færð á grundvelli samninga þar um eða þegar íslenska ríkið hefur staðfest það í fjárlögum og Reykjavíkurborg í fjárhagsáætlun.

17.7 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfæignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð þegar þau falla til samanber þó skýringu 17.10.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

17.8 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2020. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi. Á byggingartíma fasteignar var framangreindur kostnaður færður sem hluti af byggingarkostnaði fasteignar.

Skýringar

17. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

17.9 Óefnislegar eignir

Hugbúnaður

Kostnaður sem verður til við þróun og viðhald hugbúnaðar er gjaldfærður þegar hann verður til. Kostnaður sem beint tengist sérstökum hugbúnaði sem samstæðan á og mun líklega njóta ávinnings af umfram kostnað, þegar til lengra tíma er lítið, er eignfærður sem óefnisleg eign. Beinn kostnaður í þessu sambandi er kostnaður starfsmanna sem starfa við verkefnið og ákveðin hlutdeild í óbeinum kostnaði.

Kostnaður við endurbætur á hugbúnaði, umfram það sem hann var í upphafi, er eignfærður sem og keyptur hugbúnaður. Hugbúnaður er gjaldfærður á áætluðum nýtingartíma en að hámarki á 4 árum.

17.10 Efnislegar eignir

Fasteign samstæðunnar er færð í samræmi við tekjuvirði og aðrar efnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði eða endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	50 ár
Innréttingar, áhöld og tæki	4-30 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Á árinu 2009 áttu sér stað breytingar á fjárhagslegri skipan samstæðunnar sem leiddi til þess að endurheimtanlegt verð lækkaði og var bókfært verð byggingarkostnaðar lækkað sem því nam. Samsvarandi lækkun var á skuldum samstæðunnar. Kostnaðarverð sem sýnt er í skýringu nr. 6 tekur tillit til þeirrar lækkunar sem þá átti sér stað.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Vaxtagjöld og verðbætur af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna efnislegar eignir voru eignfærð á þeim tíma sem það tók að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi. Eftir að skilgreindum byggingartíma lauk á árinu 2011 hafa öll vaxtagjöld verið gjaldfærð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur efnislegra eigna er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

17.11 Langtímafjáreign

Langtímafjáreign í efnahagsreikningi byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2014, milli Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar. Fjáreignin er framtíðarsjóðsflæði mánaðarlegs framlags íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til 15. febrúar 2046 sem fært er til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru sömu vextir og eru á útgefnum skuldabréfum samstæðunnar, enda er framlagið með beinum hætti tengt þeim skuldabréfum sem gefin voru út vegna fjármögnunar á byggingu Hörpu.

Langtímafjáreign er flokkuð sem langtímakrafa í efnahagsreikningi þar sem um óafturkræfan og skuldbindandi samning um opinbert framlag er að ræða. Næsta árs afborganir langtímafjáreignarinnar eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi

17.12 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

17.13 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

17.14 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

Skýringar

17. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

17.15 Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign)

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem vænt er að greiða beri til skattýfirvalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verð í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Tekjuskattseign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

Tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign er jafnað saman þegar það er heimilt skv. lögum og er vegna tekjuskatts sem lagður er á af sömu skattayfirvöldum.

17.16 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Langtímaskuldir eru síðan færðar á afskrifuðu kostnaðarverði; mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla eða yfirverðs.

Skuldir eru flokkaðar sem skammtímaskuldir nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

17.17 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.